



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA
Suðurnes Science and Learning Center

Skýrsla stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Starfsárið 2013 - 2014

Ég býð ykkur velkomin til annars ársfundar stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja. Gengið var frá samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um starfsemi setursins í nóvember 2012 og gildir hann til loka þessa árs. Undirbúningur að áframhaldandi samkomulagi er í farvatninu og erum við vongóð um að samningurinn verði framlengdur.

Það er mat mitt að mikið hafi áunnist frá því Þekkingarsetrið tók til starfa, til heilla fyrir Þekkingarsetrið og hinar stofnanirnar sem að Þekkingarsetrinu standa, Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Náttúrustofu Suðvesturlands. Tekist hefur að tryggja rekstrargrunn fyrir þá rannsóknarstarfsemi sem fram fer hér í húsinu og efla hana enn frekar, faglegt og markvisst yfirbragð er yfir starfseminni, og miklar endurbætur hafa átt sér stað á húsnæðinu sjálfu. Markaðssetning hefur tekist vel og framundan er að leggja enn frekara kapp á markaðssetningu rannsóknarstarfseminnar. Megináherslan er og verður lögð á rannsóknir, háskólanám og háskólanema. Það er mikilvægt að starfsemin sé í góðum tengslum við umhverfi sitt og einn liður í því er að taka á móti grunnskólanemendum og kynna þeim heim vísinda- og fræðastarfs.

Rétt ár er liðið frá síðasta fundi og vil ég gera stuttlega grein fyrir starfi stjórnar frá þeim tíma. Stjórnina skipuðu á starfsárinu 2013 Erla Ósk Pétursdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Sverrir Guðmundson, Gunnar Þór Hallgrímsson, og sú sem hér talar. Varamenn í stjórn voru Helgi Haraldsson, Þorvaldur Örn Árnason, Björk Guðjónsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Hjálmar Árnason.

Stjórnin fundaði fimm sinnum á starfsárinu. Í upphafi árs var ákveðið að hefja vinnu við stefnumótun sem tæki mið af þeim áherslum sem koma fram í samkomulagi við ráðuneytið. Sú vinna hófst um miðjan mars 2013 og er nú svo gott sem lokið en endanleg staðfesting á stefnunni bíður afgreiðslu stjórnar. Fyrir liggja drög að gildum, leiðarljósi, hlutverki og markmiðum fyrir setrið.

Gildin eru: Rannsóknir, fræðsla, fagmennska. Grunnur starfseminnar hvílir á gildunum.

Leiðarljósið – sem vísar veginn og snýst um að Þekkingarsetrið sé miðstöð rannsóknastarfs og rannsækenda á sviði náttúrufræða og tengdra greina á Suðurnesjum.

Um hlutverkið segir að setrið sé sjálfseignarstofnun og ekki rekið í hagnaðarskyni. Hlutverkið er að stuðla að eflingu rannsókna, bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu til rannsókna og stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi.

Markmiðin taka svo mið af rannsóknum og þróun, háskólanámi og samþættingu þekkingarstarfs, símenntun og samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum. Ég fer stuttlega yfir það markverðasta sem gerðist undir „hatti“ hvers markmiðs.

Í fyrsta lagi rannsóknir og þróun:

Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum sjá um rannsóknahluta þekkingarsetursins og voru áherslusviðin sem fyrr fuglafræði, sjávarlíffræði og eiturefnavistfræði.

Fjöldmörg rannsóknarverkefni eru í gangi og má þar t.d. nefna verkefni Rannsóknaseturs HÍ sem kallast Pristine Arctic en það snýr að rannsóknum á áhrifum olíumengunar á lífríki hafsins og stendur enn yfir. Verkefnið er samvinnuverkefni.

Náttúrustofan hefur unnið að rannsóknum á dreifingu fuglaflensuvírusa í samstarfi við US Geological Survey og Háskóla Íslands. Fyrstu niðurstöður voru kynntar í mars síðastliðnum og reyndust þær mjög merkilegar en þær sýna að hér á landi finnast bæði evrópskir og amerískir fuglaflensuvírusar auk afbrigða þar sem vírusarnir blandast saman. Þetta er í fyrsta sinn sem vírusar af þessu tagi finnast á sama svæðinu á sama tíma. Áframhald er á þessum rannsóknum.

Líffræðingar rannsóknastöðvar þekkingarsetursins vinna m.a. að rannsóknum á vistfræði fjara hér á þessu landssvæði og kynntu þeir rannsóknarverkefni sitt á Líffræðiráðstefnunni 2013 sem haldin var í HÍ í nóvember í fyrra.

Rannsóknastaða þekkingarsetursins var vel nýtt á síðasta ári af Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum til rannsókna í tengslum við þróun bóluafna gegn sjúkdómum í fiski. Þá nýtti Stolt Sea Farm aðstöðuna einnig til að meta áhrif flutnings á milli landa á senegalflúruseiðum.

Á síðasta ári dvöldu tæplega 80 vísindamenn og háskólanemar í þekkingarsetrinu tímabundið og unnu að rannsóknum sínum. Flestir þeirra komu erlendis frá en þó koma hér árlega nemendahópar úr líffræði við Háskóla Íslands. Gistiaðstaðan er vel nýtt en hér gistu 83 einstaklingar á síðasta ári í alls 409 gistinætur.

Í öðru lagi háskólanám og samþætting þekkingarstarfs:

Forstöðumenn beggja stoðstofnana þekkingarsetursins, þeir Gunnar Þór Hallgrímsson og Halldór Pálmar Halldórsson, sjá um kennslu í nokkrum námskeiðum við líffræðiskor HÍ. Árið 2013 komu hér líffræðinemendur á þeirra vegum í verklega kennslu í fuglafræði, vistfræði,

eiturefnavistfræði og í áfanganum sjávarhryggleysingjar. Þá fór hér fram í fjórða sinn kennsla í alþjóðlegu námskeiði í fiskavistfræði á vegum Guðrúnar Marteinsdóttur.

Líffræðinemar við HÍ koma hingað í árlega vísindaferð og varð engin undantekning þar á í fyrra.

Í þriðja lagi símenntun og samstarf við aðrar menntastofnanir:

Þekkingarsetrið er í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum um námskeiðahald í tengslum við sérsvið setursins og voru alls tíu námskeið af fjölbreyttu tagi haldin á síðasta ári.

Keilir prufukeyrði námskeið fyrir krakka á aldrinum 10-15 ára síðasta sumar sem kallaðist Tækni- og vísindasmiðja Keilis. Þekkingarsetrið tók þátt í þróun hluta þessa vikulanga námskeiðs og eyddu krakkarnir einum degi í setrinu þar sem þeir fóru m.a. í ratleik um nágrenni setursins, í fjöruferð og skoðunarferð um Þekkingarsetrið.

Þekkingarsetrið er hluti af menntateymi Sjávarklasans á Suðurnesjum ásamt Fjölbrotaskóla Suðurnesja, Fisktækniskólanum, Keili og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum en teymið fundaði með fyrirtækjum í haftengdri starfsemi í Grindavík undir lok síðasta árs. Síðan þá hefur verið fundað með slíkum fyrirtækjum í Reykjanesbæ og á morgun verður fundur teymisins hér í Þekkingarsetrinu með sjávarútvegsfyrirtækjum í Sandgerði og Garði. Á fundunum kynna mennta- og rannsóknastofnanirnar starfsemi sína og þjónustu með aukið samstarf við fyrirtæki í haftengdri starfsemi í huga. Í framhaldi heimsækir teymið síðan fyrirtækin og fær kynningu á starfsemi þeirra.

Sýningar, heimsóknir og uppákomur:

Miklar endurbætur hafa orðið á húsnæði og sýningum Þekkingarsetursins. Uppsetningu náttúrugripasýningarinnar hefur verið breytt og við það verk var leitað til sýningahönnuðarins Björns G. Björnssonar.

Á síðasta ári heimsóttu rétt rúmlega 3.000 manns sýningar Þekkingarsetursins. Stærsti hluti gesta voru Íslendingar og rúmlega þriðjungur hópsins voru nemendur af öllum skólastigum. Um 80% gestanna komu í heimsókn á tímabilinu maí til september. Gestafjöldinn jókst talsvert á milli ára.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra HÍ var haldinn í Þekkingarsetrinu í mars 2013. Um 50 manns sóttu fundinn sem settur var af Kristínu Ingólfssdóttur rektor HÍ. Áhugaverð erindi voru flutt og að þeim loknum undirrituðu Katrín Jakobsdóttir þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Rögnvaldur Ólafsson þáverandi forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra HÍ og Kristín Ingólfssdóttir rektor, samning um Rannsóknasetur HÍ.

Á síðasta ári var Sandgerðisbæ afhent glæsileg gjöf frá afkomendum Þórhalls Gíslasonar, fyrrum skipstjóra frá Sandgerði. Í tilefni af 95 ára afmæli Þórhalls létu börn hans útbúa skjöld

með nöfnum aflakónga á vetrarvertíð í Sandgerði á árunum 1939-1991. Skjöldurinn er staðsettur hér í Þekkingarsetrinu og var afhjúpaður við hátíðlega athöfn 24. maí.

Þekkingarsetrið stóð fyrir málþinginu Jarðfræði og fræðandi ferðaþjónusta í tengslum við eina af heimsóknum erlendra vísindamanna í setrið en þá dvöldu hér ástralskir sérfræðingar í steingervingum sem starfa fyrir safnið The Age of Fishes Museum í Canowindra í Ástralíu. Málþingið var ágætlega sótt og tókst mjög vel.

Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum og Þekkingarsetrið tóku sameiginlega þátt í Vísindavöku Rannís sem haldin var í Háskólabíó í lok september í fyrra. Þá stóð Rannsóknasetrið fyrir vísindakaffi hér í setrinu í vikunni áður þar sem boðið var upp á grjótkrabba- og kræklingasmakk. Vísindavakan tókst mjög vel og vakti básinn héðan mikla athygli gesta.

Alþingismenn suðurkjördæmis komu í heimsókn í Þekkingarsetrið í október í fyrra og kynntu sér starfsemi setursins á mjög vel heppnuðum fundi. Þá komu tveir franskir þingmenn í heimsókn á sýninguna Heimskautin heilla í tilefni af því að 77 ár voru liðin frá láti vísindamannsins og heimskautafarans Jean-Baptiste Charcot sem sýningin fjallar um.

Starfsmannahald, fjármál og styrkir:

Í Þekkingarsetrinu störfuðu á árinu 2013 samtals tíu starfsmenn, þar af sex á vegum setursins í fimm og hálfu stöðugildi. Tveir starfsmenn voru hjá Náttúrustofu Suðvesturlands í fullum stöðum og tveir hjá Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum í 1,20% stöðugildi.

Á árinu 2013 fékk Þekkingarsetrið tvo styrki úr Menningarsjóði Suðurnesja, annars vegar eina milljón króna í rekstrarstyrk fyrir sýningar setursins og hins vegar 200.000 kr. styrk til þýðingar á texta sýningarinnar Heimskautin heilla yfir á ensku. Þá tók setrið á móti styrk úr Vaxtarsamningi Suðurnesja í byrjun árs 2013 að andvirði 750.000 kr. til markaðssetningar erlendis. Styrkirnir koma sér allir mjög vel og færum við sjóðunum kærar þakkir fyrir.

Á fundi stjórnar í nóvember sl. var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2014.

Áætlaðar tekjur ársins 2014 eru ríflega 43.440.000 kr. Samkvæmt fjárlögum ríkisins fær setrið 16,1 milljóna króna fjárframlag. Útgjöld eru áætluð ívið hærri en tekjur eða tæplega 44 mkr. en stjórn tók ákvörðun um að nýta rúmlega hálfa milljón af 2,5 mkr. rekstrarafgangi ársins 2013 á þessu ári. Samþykkt var að eftirstöðvar rekstrarafgangs um 2 mkr. yrðu settar í sjóð til þess að standa straum af óvæntum fjárútlátum.

Ég vil að lokum þakka meðstjórnendum mínum í stjórn Þekkingarsetursins gott samstarf. Einnig vil ég þakka forstöðumanni Þekkingarsetursins Hönnu Maríu Kristjánsdóttur fyrir hennar góðu störf og samstarfsfólki hennar. Þá vil ég líka nota tækifærið og þakka forstöðumönnum Rannsóknarseturs Háskólans og Náttúrustofunnar fyrir þeirra mikilvægu vinnu og óska þeirri starfsemi sem hér fer fram allra heilla.

Sigrún Árnadóttir, stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja.